

Vinnuvernd er allra hagur. Fyrir þig og þinn vinnustað.

Samantekt

Önnur Evrópukönnun hjá fyrirtækjum um nýjar aðsteðjandi hættur – ESENER-2

Önnur fyrirtækjakönnun EU-OSHA í Evrópu er unnin til að hjálpa vinnustöðum við að takast betur á við heilbrigðis- og öryggismál og efla heilbrigði og vellíðan starfsmanna. Hún hefur að geyma upplýsingar sem bera má saman á milli landa og eru mikilvægar fyrir hönnun og innleiðingu á nýjum stefnum á þessu sviði.

Efnisyfirlit

Forsaga	1
Helstu niðurstöður	2
Vinnuverndarstjórnun	3
Sálfélagslegar áhættur og stjórnun þeirra	10
Hvatar og hindranir	12
Þátttaka starfsmanna	14
Aðferðarfræði könnunarinnar	15
Frekari upplýsingar	16

Forsaga

Önnur fyrirtækjakönnun Evrópsku vinnuverndarstofnunar (EU-OSHA) um nýjar hættur (ESENER-2) spurði þá *sem best þekkja til* um öryggi og heilbrigði í fyrirtækjum, hvernig hættum á sviði öryggis- og heilbrigðismála væri stjórnað á vinnustaðnum, og var sjónum beint að sálfélagslegum áhættum, þ.e. vinnutengdri streitu, ofbeldi og áreitni. Sumarið/haustið 2014 var könnunin lögð fyrir alls 49.320 fyrirtæki í 36 löndum og í öllum atvinnugreinum¹ sem eru með að minnsta kosti fimm einstaklinga í vinnu: ESB-

28 ásamt Albaníu, Íslandi, Svartfjallalandi, Fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Masedóníu, Serbíu, Tyrklandi, Noregi og Sviss.

Rammatilskipun ESB um vinnuvernd (tilskipun 89/391/EEB) og einstakar tilskipanir hennar veita starfsmönnum í Evrópu umgjörð til að njóta heilbrigðis og öryggis á vinnustöðum á háu stigi. Framkvæmd ákvæðanna er mismunandi frá einu landi til annars og er beiting þeirra í reynd breytileg eftir atvinnugreinum, starfsmannaflokkum og stærð fyrirtækja. Það var staðfest í ESENER-1 sem bauð upp á samanburð á starfsvenjum á milli landa og hjálpaði til við að auka skilning okkar á einkennum fyrirtækja og áhrifum á stjórnun þeirra í öryggis- og heilbrigðismálum.

ESENER-2 byggir á þessu sama og er gerð með stuðningi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í Evrópu. Hún miðar að því að hjálpa vinnustöðum í Evrópu við að átta sig betur á þörfum á stuðningi og sérfræðiþekkingu ásamt því að greina þá þætti sem annars vegar hvetja til og hins vegar draga úr aðgerðum til úrbóta. ESENER kannar fjögur vinnuverndarsvið ítarlega:

1. Almenna nálgun fyrirtækisins við vinnuverndarstjórnun.
2. Hvernig tekið sé á nýja sviðinu; sálfélagslegum áhættum.
3. Helstu hvata og hindranir fyrir vinnuverndarstjórnun.
4. Hvernig þátttaka starfsmanna þegar kemur að vinnuverndarstjórnun fer fram í raun og veru.

Þessi samantekt veitir yfirlit yfir helstu niðurstöður ESENER-2 fyrir hvert þessara fjögurra sviða. Ítarlegri niðurstöður og greiningar verða kynntar í yfirlitsskýrslunni sem birt verður síðar á árinu 2015.

¹ Nema einkaheimili (NACE T) og stofnanir undir úrlendisrétti (NACE U)

Helstu niðurstöður

Evrópskir vinnustaðir eru í stöðugri þróun vegna áhrifa og breytinga á efnahags- og samfélagsaðstæðum. Nokkrar þessara breytinga eru greinilegar í ESENER-2, en 21% fyrirtækja í ESB-28 gaf til kynna að starfsmenn yfir 55 ára aldri væru yfir fjórðungur vinnuaflsins, en hæsta hlutfallið var að finna í Svíþjóð (36%), Lettlandi (32%) og Eistlandi (30%). Á sama tíma greindu 13% fyrirtækja í ESB-28 frá því að þau væru með starfsmenn sem ynnu reglulega heima og var hæsta hlutfallið í Hollandi (26%) og Danmörku (24%). Það er þess virði að taka fram að 6% fyrirtækja í ESB-28 skýrðu frá því að þau væru með starfsmenn sem ættu í erfiðleikum með að skilja tungumálið sem talað væri í fyrirtækinu. Talan er hæst í Lúxemborg, á Möltu (16%) og í Svíþjóð (15%). Þessar vinnuaðstæður skapa nýjar áskoranir sem krefjast aðgerða til þess að hægt sé að tryggja hátt öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

- Niðurstöður ESENER-2 endurspeglar stöðugan vöxt þjónustugeirans. Algengustu áhættuþættirnir sem komu í ljós, er að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavinum, nemendum, sjúklinga (58% fyrirtækja í ESB-28), og á eftir koma þreytandi eða sársaukafullar líkamsstöður (56%) og endurteknar hreyfingar með höndum eða handleggjum (52%).
- Erfiðara er talið að hafa stjórn á sálfélagslegum áhættuþáttum en öðrum. Næstum því eitt af hverjum fimm þeirra fyrirtækja sem skýra frá því að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavinum eða upplifa tímaálag, segja einnig að þau skorti upplýsingar eða fullnægjandi tækni til þess að taka á áhættunum með skilvirkum hætti.
- Samkvæmt ESENER-2 eru 76% fyrirtækja í ESB-28 sem framkvæma áhættumat reglulega. Eins og gera má ráð fyrir er jákvæð samsvörun á milli stærðar fyrirtækja. En eftir löndum voru gildin allt frá 94% fyrirtækja á Ítalíu og Slóveníu niður í 37% í Lúxemborg.
- Meirihluti fyrirtækja í könnuninni í ESB-28 sem framkvæma áhættumat reglulega, líta á þau sem gagnlega leið til þess að hafa stjórn á heilbrigðis- og öryggismálum (90%), en sú niðurstaða var stöðug á milli atvinnugreina og stærðar fyrirtækja.
- Markverður munur er þegar kemur að hlutfalli fyrirtækja þar sem áhættumat er aðallega framkvæmt af starfsfólki innan húss. Landastaðan breytist svo um munar, en efst er Danmörk (76% fyrirtækja), Bretland (68%) og Svíþjóð (66%). Lægsta hlutfallið er að finna í Slóveníu (7%), Króatíu (9%) og á Spáni (11%).

- Eflitið er á þau fyrirtæki sem ekki framkvæma áhættumat með reglulegum hætti, var helsta ástæðan sem þau gáfu fyrir því að áhættur og hættur séu þegar þekktar (83% fyrirtækja) og að engin stór vandamál séu til staðar (80%).
- Meirihluti fyrirtækja í ESB-28 (90%) skýrðu frá því að þau byggju yfir gögnum sem útskýrðu ábyrgð og verkferla varðandi heilbrigði og öryggi, einkum var það meðal stærri fyrirtækja. Enginn markverður munur er eftir atvinnugreinum en eftir löndum er hæsta hlutfallið að finna í Bretlandi, Slóveníu, Rúmeníu, Póllandi og á Ítalíu (98% í þeim öllum), öfugt við Svartfjallaland (50%), Albaníu (57%) og Ísland (58%).
- Heilbrigðis- og öryggismál eru rædd reglulega á efstu stjórnunarstigum hjá 61% fyrirtækja í ESB-28, hlutfallið eykst með stærð fyrirtækja. Oftar skýrt frá þessu í Tékklandi (81%), Bretlandi (79%) og Rúmeníu (75) á meðan lægra hlutfall er að finna í Svartfjallalandi (25%), Eistlandi (32%), Íslandi og Slóveníu (35%).
- Næstum því þrír fjórðu hlutar fyrirtækja í könnuninni í ESB-28 (73%) skýrðu frá því að hópstjórar og millistjórnendur fái þjálfun um hvernig eigi að hafa stjórn á vinnuverndarmálum í starfshópum sínum, hlutfallið eykst með stærð fyrirtækja og skýrðu fyrirtæki á sviði byggingaframkvæmda, úrgangsstjórnunar, vatns- og rafveitu (82%), landbúnaði, skógrækt og fiskiðnaði (81%) oftast frá því. Þjálfun er oftast í boði í Tékklandi (94%), á Ítalíu (90%), í Slóveníu og Slóvakíu (84%), öfugt við Ísland (38%), Lúxemborg (43%) og Frakkland (46%).
- Þegar kemur að ástæðum sem hvetja fyrirtæki til þess að hafa stjórn á vinnuverndarmálum, var skýrt frá því að áskilnaður laga væri helsta ástæðan hjá 85% fyrirtækja í ESB-28. Jákvætt samband er á milli stærðar fyrirtækja, en eftir löndum er hlutfallið allt frá 68% fyrirtækja í Danmörku yfir í 94% í Portúgal. Í nokkrum löndum, einkum þeim sem gengu í Evrópusambandið árið 2004 ásamt nokkrum umsóknarríkjum, var helsti hvatin sem skýrt var frá, að taka á heilbrigðis- og öryggismálum, og viðhalda orðspori fyrirtækisins.
- Annar algengasti hvatin sem hvetur fyrirtæki til aðgerða á sviði vinnuverndarmála er að uppfylla væntingar starfsmanna eða fulltrúa þeirra. ESENER-2 sýnir að meira en fjögur af hverjum fimm fyrirtækjum sem framkvæma áhættumat reglulega í ESB-28 (81%), skýrðu frá því að starfsmenn tækju þátt í hönnun og framkvæmd ráðstafana eftir áhættumat.
- ESENER-2 sýnir að tregða um að tala opinskátt um þessi málefni virðist vera helsta vandamálið við að taka á sálfélagslegum áhættum (30% fyrirtækja í ESB-28). Skýrt er oftast frá því, eins og öllum öðrum vandamálum, eftir því sem stærð fyrirtækja vex.

- Rétt yfir helmingur allra fyrirtækja í könnuninni í ESB-28 (53%) skýrðu frá því að búa yfir fullnægjandi upplýsingum um hvernig eigi að hafa sálfélagslegar áhættur með í áhættumati. Eins og gera má ráð fyrir er meiri munur á hlutfallinu eftir stærð fyrirtækja en eftir atvinnugreinum en hvað lönd varðar sérstaklega. Hæstu tölurnar koma frá Slóveníu (75%) og Ítalíu (74%) öfugt við Möltu (35%) og Slóvakíu (40%).
- Notkun heilbrigðis- og öryggisþjónustu leiddi í ljós að vinnuverndarlæknar (68%), almennir læknar á sviði heilbrigðis- og öryggismála (63%) og sérfræðingar í slysavörnum (52%) væru þeir sem oftast væru notaðir. Ef einblínt er á sálfélagslegar áhættur, skýra 16% fyrirtækja í ESB-28 frá því að þau nýti sér þjónustu sálfræðings.
- Hvað varðar fulltrúa starfsmanna var algengast að skýrt væri frá heilbrigðis- og öryggisfulltrúa: 58% fyrirtækja í ESB-28, hlutfallið var hæst meðal fyrirtækja á sviði menntunar, heilbrigði manna og félagsþjónustu (67%), framleiðslu (64%) og opinberrar stjórnsýslu (59%). Eins og gera má ráð fyrir að fara niðurstöðurnar að stórum hluta eftir stærð fyrirtækja.
- Ef sjónum er beint að þeim fyrirtækjum sem skýra frá því að þau hafi beitt ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir sálfélagslegar áhættur árin þrjú fyrir könnunina, skýrðu 63% fyrirtækjanna í ESB-28 frá því að starfsmenn hefðu hlutverki að gegna við hönnun og framkvæmd ráðstafananna. Munur er á niðurstöðunum eftir löndum, allt frá 77% fyrirtækja í Danmörku og Austurríki og niður í 43% í Slóvakíu. Vegna eðli sálfélagslegrar áhættu má gera ráð fyrir því að ráðstafanir á sviðinu felist í beinni þátttöku starfsmanna og sér í lagi mikils samstarfs allra gerenda á vinnustaðnum.


Vinnuverndarstjórnun

Vinnuvernd er þverfaglegt svið sem fjallar um öryggi, heilbrigði og velferð fólks við vinnu. Sífelld flóknari vinnuferli og breytingar á vinnuaðstæðum, ásamt nýjum eða breyttum hættum, krefjast nýrrar og kerfisbundinnar nálgunar á öryggis- og heilbrigðismálum á vinnustöðum. Þörf er á lausnum sem gera atvinnurekendum kleift að hafa hliðsjón af regluverki á sviði öryggis- og heilbrigðismála á öllum starfsstigum og við allar tegundir starfseminnar og að gera viðeigandi ráðstafanir og úrbætur með reglulegum hætti.

Heilbrigðis- og öryggisáhættur

- Með tilliti til breytinga á samfélaginu, endurspegla niðurstöður ESENER-2 vöxt þjónustugeirans. Algengustu áhættuþættirnir sem komu í ljós (mynd 1), er að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, nemendur, sjúklinga (58% fyrirtækja í ESB-28), og á eftir koma þreytandi eða sársaukafullar líkamsstöður (56%) og endurteknar hreyfingar með höndum eða handleggjum (52%).
- Niðurstöðurnar eftir atvinnugreinum sýna áhugaverðan mun, eins og gera má ráð fyrir. Tafla 1 sýnir þá tvo áhættuþætti sem fyrirtæki í greininni skýrðu oftast frá – sá áhættuþáttur sem sjaldnast var skýrt frá í öllum atvinnugreinunum var mismunur.
- Slysaþætta véla og handverkfæra er sá áhættuþáttur sem oftast var greint frá. Í byggingariðnaði, úrgangsstjórnun, vatns- og rafveitu (82% fyrirtækja í greininni í ESB-28), landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum (78%) og framleiðslu (77%).

Mynd 1. Áhættuþættir sem er að finna í fyrirtækjum (% fyrirtækja, ESB-28).



Grunnur: Öll fyrirtæki í ESB-28.

Athugið: Sálfélagslegir áhættuþættir eru litaðir í appelsínugulu.

Tafla 1. Tveir algengustu áhættuþættirnir í fyrirtækjum, eftir atvinnugreinum (% fyrirtækja, ESB-28).

Atvinnugrein	Algengustu áhættuþættir sem skýrt er frá (% fyrirtækja í greininni í ESB-28)	
	Fyrsti	Annar
A: Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar.	Áhætta á slysum við vélar eða handverkfæri (78%)	Áhætta á slysum við ökutæki við vinnu (73%)
B, D, E, F: Byggingariðnaður, úrgangsstjórnun, vatns- og rafveita.	Áhætta á slysum við vélar eða handverkfæri (82%)	Fólki eða þungum byrðum lyft eða fært úr stað (71%)
C: Framleiðsla.	Áhætta á slysum við vélar eða handverkfæri (77%)	Endurteknar hreyfingar með höndum eða handleggjum (58%)
G, H, I, R: Viðskipti, flutningar, matvæli/gisting og tómstundir.	Að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, sjúklinga, nemendur, o.s.frv. (62%)	Endurteknar hreyfingar með höndum eða handleggjum (49%)
J, K, L, M, N, S: Upplýsingatækni, fjármál, fasteignaþjónusta og önnur vísindatæknileg eða persónuleg þjónusta.	Þreytandi eða sársaukafullar líkamsstöður, þar á meðal að sitja í langan tíma (64%)	Að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, sjúklinga, nemendur, o.s.frv. (56%)
O: Opinber stjórnsýsla.	Þreytandi eða sársaukafullar líkamsstöður, þar á meðal að sitja í langan tíma (76%)	Að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, sjúklinga, nemendur, o.s.frv. (68%)
P, Q: Menntun, heilbrigði manna og félagsþjónusta.	Að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, sjúklinga, nemendur, o.s.frv. (75%)	Þreytandi eða sársaukafullar líkamsstöður, þar á meðal að sitja í langan tíma (61%)

Grunnur: Öll fyrirtæki í ESB-28.

- Þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, sjúklinga, nemendur, o.s.frv. er algengasti áhættuþátturinn hjá fyrirtækjum á sviði menntunar, heilbrigði manna og félagsþjónustu (75%), og í viðskiptum, flutningum, veitingum/gistingum og tómstundum (62%). Hvað aðra áhættuþætti varðar, eru það fyrirtæki í opinberri stjórnsýslu og þjónustugreinum sem skýra oftast frá þeim.
- Þreytandi eða sársaukafullar líkamsstöður, þar á meðal að sitja í of langan tíma, eru algengustu áhættuþættirnir í opinberri stjórnsýslu (76%) og upplýsingatækni, sem og í fjármálum, fasteignaviðskiptum og annarri vísindatæknilegri eða persónulegri þjónustu (64%). Það er áhugavert, eins og á við um endurteknar hreyfingar með höndum eða handleggjum, að það eru fyrirtæki í öllum greinum sem skýra oft frá þeim, en það staðfestir að líkamlegir áhættuþættir vegna stoðkerfisvandamála, eru algengir í öllum atvinnugreinum.
- Með því að skoða áhættuþáttinn í atvinnugreininni sem trónir á toppnum í röðuninni þegar kemur að hlutfalli fyrirtækja sem

skýra frá því að hann sé til staðar, greina fyrirtæki í landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum frá hæsta hlutfallinu fimm þeirra áhættuþáttasem skoðaðir voru: hiti, kuldi eða súgur (65% fyrirtækja í greininni í ESB-28), kemísk eða líffræðileg efni (63%), endurtekin vinna með höndum eða handleggjum (63%), langur eða óreglulegur vinnutími (35%) og slysaþætta af völdum ökutækja við vinnu (73%) sem áður hefur verið nefnd. Niðurstöðurnar undirstrika hversu líkamlega krefjandi vinna er í þessari grein – sjá Tafla 2. Áhættuþættir og sú atvinnugrein sem skýrir oftast frá honum (% fyrirtækja, ESB-28).

- Byggingariðnaður, úrgangsstjórnun, vatns- og rafveita eru efst í röðuninni fyrir slysaþættur véla og handverkfæra (82%), lyftur eða tilfærslu á fólki eða þungum byrðum (71%), aukna áhættu á því að renna til, hrasa eða detta (63%) og mikill hávaði (61%). Opinber stjórnsýsla, menntun, heilbrigði manna og félagsþjónusta eru í forystu þegar kemur að hinum eftirstandandi sjö áhættuþáttum.

Tafla 2. Áhættuþættir og sú atvinnugrein sem skýrir oftast frá honum (% fyrirtækja, ESB-28).

Áhættuþáttur (% fyrirtækja í ESB-28 í öllum atvinnugreinum)	Sú atvinnugrein sem oftast er greint frá (% fyrirtækja í ESB-28 í greininni)
Að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, sjúklinga, nemendur, o.s.frv. (58%)	P, Q: Menntun, heilbrigði manna og félagsþjónusta. (75%)
Þreytandi eða sársaukafullar líkamsstöður, þar á meðal að sitja í langan tíma (56%)	O: Opinber stjórnsýsla. (76%)
Endurteknar hreyfingar með höndum eða handleggjum (52%)	A: Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar. (63%)
Hætta á slysum við vélar eða handverkfæri (48%)	B, D, E, F: Byggingariðnaður, úrgangsstjórnun, vatns- og rafveita. (82%)
Fólki eða þungum byrðum lyft eða fært úr stað (47%)	B, D, E, F: Byggingariðnaður, úrgangsstjórnun, vatns- og rafveita. (71%)
Hætta á slysum við ökutæki við vinnu (46%)	A: Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar. (73%)
Tímaálag (43%)	P, Q: Menntun, heilbrigði manna og félagsþjónusta. (50%)
Kemísk eða líffræðileg efni (38%)	A: Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar. (63%)
Aukin hætta á að renna til, hrasa eða detta (36%)	B, D, E, F: Byggingariðnaður, úrgangsstjórnun, vatns- og rafveita. (63%)
Hiti, kuldi eða súgur (36%)	A: Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar. (65%)
Mikill hávaði (30%)	B, D, E, F: Byggingariðnaður, úrgangsstjórnun, vatns- og rafveita. (61%)
Langur eða óreglulegur vinnutími (23%)	A: Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar. (35%)
Léleg samskipti eða samvinna innan fyrirtækisins (17%)	O: Opinber stjórnsýsla. (26%)
Óöryggi í starfi (15%)	O: Opinber stjórnsýsla. P, Q: Menntun, heilbrigði manna og félagsþjónusta. (19%)
Starfsmenn hafa ekki áhrif vinnuhraða eða verkferla (13%)	O: Opinber stjórnsýsla (18%).
Mismunur, til dæmis vegna kyns, aldurs eða þjóðernis (2%)	P, Q: Menntun, heilbrigði manna og félagsþjónusta. (4%)

Grunnur: öll fyrirtæki í ESB-28.

Áhættumat


Mikilvægt vinnuverndarmál sem ESENER-2 kannaði, var hvort reglulega sé haft eftirlit með öryggis- og heilbrigðismálum á vinnustöðum og að það sé hluti af áhættumati, hornsteinninn í Evrópunálguninni í vinnuverndarmálum, eins og tilgreint er í rammatilskipun ESB um vinnuverndarmál (tilskipun 89/391/EEC).

- Samkvæmt ESENER-2 eru 76% fyrirtækja í ESB-28 sem framkvæma reglulega² áhættumat og að meirihluti þeirra skýri frá því að það sé gert á skjalfestu sniði (92%). Eins og gera má ráð fyrir er áhættumat í jákvæðu samhengi við stærð fyrirtækja, allt frá 69% meðal örfyrirtækja með 5 - 9 starfsmenn, allt upp í 96% meðal þeirra sem eru með yfir 250 starfsmenn.
- Eftir löndum eru tölurnar allt frá 94% fyrirtækja á Ítalíu og Slóveníu niður í 37% í Lúxemborg. Eftir atvinnugreinum eru tengsl á milli hæsta hlutfallsins og hættulegustu starfanna, eins og framleiðslu (85%), landbúnaðar, skógræktar og fiskveiða (84%) og byggingariðnaðar, úrgangsstjórnunar, vatns- og rafveitu (83%).
- Það er áhugavert, eins og kemur fram á Mynd 2, að markverður munur er þegar kemur að hlutfalli fyrirtækja þar sem áhættumat er aðallega framkvæmt af starfsfólki innanhúss. Landastaðan breytist svo um munar, en efst er Danmörk (76% fyrirtækja), Bretland (68%) og Svíþjóð (66%). Lægsta hlutfallið er að finna í Slóveníu (7%), Króatíu (9%) og á Spáni (11%).
- Það virðist vera samband á milli stærðar fyrirtækja, þar sem hlutfall fyrirtækja þar sem áhættumat er aðallega framkvæmt af starfsfólki innanhúss, eykst með stærð. Það segir þó ekkert til um gæði áhættumatsins – í sumum löndum getur verið að áskilnaður sé í lögum um að ráða vinnuverndarstarfsmann eða þjónustuaðila fyrir slík verkefni - en almennt, og út frá þeirri forsendu að þeir sem sjá um vinnuvernd séu í bestri aðstöðu til þess að stjórna áhættunum, ættu öll fyrirtæki að geta framkvæmt einfalt áhættumat með því að nota einungis eigið starfsfólk.

- Þeir þættir sem áhættumat vinnustaða tekur oftast til er öryggi véla, búnaðar og mannvirkja (84%) en í kjölfarið kemur vinnustaða, líkamlegar kröfur vinnunnar og endurteknar hreyfingar (75%).
- Það er áhugavert að taka fram að meðal þeirra fyrirtækja sem framkvæma áhættumat og skýrðu frá því að vera með starfsmenn sem vinna heiman frá sér, gáfu aðeins 29% þeirra til kynna að áhættumötin taki til vinnustaða á heimilum. Hæsta hlutfallið var að finna meðal fyrirtækja í opinberri stjórnsýslu (40%). Þó að niðurstöðurnar séu aðeins fyrir 13% heildarúrtaks þeirra fyrirtækja sem könnunin var lögð fyrir, er samt sem áður þess virði að hafa þau í huga sem vísbendingu um starfshætti við vinnuverndarstjórnun við tilkomu nýrra skipulagsmynstra á sviði vinnumála.
- Að sama skapi, þegar einblínt er á þau fyrirtæki sem framkvæma áhættumat og eru með aðrar starfsmannagerðir en bara starfsmenn ráðna með beinum hætti, svo sem tímabundið starfsfólk frá starfsmannaleigum, undirverktaka o.fl., skýra 62% af þeim fyrirtækjum í ESB-28 frá því að áhættumat þeirra taki til slíkra ráðninga annarra gerða starfsmanna.
- Meirihluti fyrirtækja í könnuninni í ESB-28 sem framkvæma áhættumat reglulega, líta á þau sem gagnlega leið til þess að hafa stjórn á heilbrigðis- og öryggismálum (90%), en sú niðurstaða var stöðug á milli atvinnugreina og stærðar fyrirtækja.
- Ef litið er á þau fyrirtæki sem ekki framkvæma áhættumat með reglulegum hætti, þá var helsta ástæðan, að áhættur og hættur séu þegar þekktar (83% fyrirtækja) og að engin stór vandamál séu til staðar (80%). Niðurstöðurnar eiga við 24% allra fyrirtækja í könnuninni en vekja samt sem áður upp spurninguna: Búa fyrirtækin, einkum þau smærri, raunverulega við færri vandamál eða eru þau einungis síður meðvituð um áhættur á vinnustaðnum?
- Það er áhugavert að fyrirtæki í smæstu stærðarflokkunum greina síður frá því að ferlið sé of íþyngjandi í samanburði við stærri fyrirtæki: 22% þeirra með 5 til 9 starfsmenn, öfugt við 31% þeirra með yfir 250 starfsmenn – mynd 3.

2 Algild stig um áhættumat sem koma fram í ESENER-2, eru líkleg til að vera ofmat að einhverju marki. Slík *mælivilla* er algeng í öllum könnunum og hefur ESENER-2 gert sitt besta til að lágmarka hana. Það sem er mikilvægast er að aðferðarfræðin tryggir að stigin megi nota fyrir gildan samanburð á milli landa og fyrir greiningu út frá öðrum breytum, en það er helsti tilgangur könnunarinnar.

Mynd 2. Áhættumat í fyrirtækjum framkvæmt reglulega og áhættumat aðallega framkvæmt af starfsfólki innanhúss, eftir löndum (% fyrirtækja).



Grunnur: Öll fyrirtæki, öll 36 löndin.


Athugið: gögn um áhættumat sem hefur verið framkvæmt af starfsfólki innanhúss. Spurningar lagðar fyrir þau fyrirtæki sem skýrðu frá því að þau framkvæma áhættumat reglulega. Hlutföll á grafinu voru endurútreiknuð með tilliti til heildargrunns allra fyrirtækja.

Almenn stjórnun á heilbrigðis- og öryggismálum í fyrirtækinu


- Starfsmenn hafa aðgang að skjali þar sem ábyrgð og verklag varðandi heilbrigðis- og öryggismál er útskýrt hjá 90% fyrirtækja í ESB-28 en hlutfallið er hærra í stærri fyrirtækjum. Enginn markverður munur er eftir atvinnugreinum en eftir löndum er hæsta hlutfallið að finna í Bretlandi, Slóveníu, Rúmeníu, Póllandi og Ítalíu (98% í þeim öllum) öfugt við Svartfjallaland (50%), Albaníu (57%) og Ísland (58%).
- Sérstök fjárhagsáætlun er ákveðin á hverju ári fyrir heilbrigðis- og öryggisráðstafanir og búnað af 41% fyrirtækja í ESB-28 en hlutfallið eykst eftir stærð fyrirtækja. Eftir atvinnugreinum er talan greinilega hærra meðal fyrirtækja á sviði opinberrar stjórnsýslu (63%). Niðurstöður eftir löndum leiða í ljós að Rúmenía (66%), Tyrkland (64%) og Litháen (62%) skýrðu frá hæsta hlutfallinu öfugt við Danmörku (15%), Ísland (19%) og Austurríki (23%).
- Þátttaka stjórnenda í vinnuverndarmálum er lykilatriði við innleiðingu á rástöfunum til þess að taka á vinnuverndarvandamálum. ESENER-2 sýnir að 61% fyrirtækja í ESB-28 skýrðu frá því að heilbrigðis- og öryggismálefni eru rædd reglulega á efstu stjórnunarstigum og eykst hlutfallið með stærð fyrirtækja. Eftir löndum er oftast skýrt frá þessu í Tékklandi (81%), Bretlandi (79%) og Rúmeníu (75%) á meðan lægra hlutfall er að finna í Svartfjallalandi (25%), Eistlandi (32%), Íslandi og Slóveníu (35%).
- Hópstjórar og millistjórnendur fá þjálfun í hvernig eigi að hafa stjórn á vinnuverndarmálum í starfshópum sínum hjá 73% fyrirtækja, hlutfallið eykst með stærð fyrirtækja og skýrðu fyrirtæki á sviði byggingaframkvæmda, úrgangsstjórnunar, vatns- og rafveita (82%) og landbúnaði, skógrækt og fiskiðnaði (81%) oftast frá því. Eftir löndum er þjálfun oftast í boði í Tékklandi (94%), á Ítalíu (90%), í Slóveníu og Slóvakíu (84%) öfugt við Ísland (38%), Lúxemborg (43%) og Frakkland (46%).

- Notkun heilbrigðis- og öryggisþjónustu leiddi í ljós að vinnuverndarlæknar (68%), almennir læknar á sviði heilbrigðis- og öryggismála (63%) og sérfræðingar í slysaforvörnum (52%) væru þeir sem oftast væru notaðir. Þegar kastljósinu er beint að sálfélagslegum áhættum, skýrðu aðeins 16% fyrirtækja í ESB 28 (mynd 4) frá því að sálfræðingur væri notaður. Þó er áhugavert að mikilvægur munur er á milli landa. Í Finnlandi og Svíþjóð skýrðu um 60% fyrirtækja frá því að þau notuðu sálfræðing, hvort sem hann starfaði hjá fyrirtækinu eða væri keyptur í verktöku.
- ESENER-2 spurði fyrirtæki um ráðstafanir á sviði heilsueflingar á meðal starfsmanna. Algengasta svarið (35% fyrirtækja ESB-28) er vitundaraukning um að koma í veg fyrir fíkn (reykingar, áfengi, lyf) en á eftir því er vitundaraukning um næringu (29%) og efling á íþróttastarfi utan vinnutíma (28%). Ráðstafanir á sviði heilsueflingar eftir atvinnugreinum voru helst hjá fyrirtækjum á sviði menntunar, heilbrigði manna og félagsmála. Eftir löndum var hæsta hlutfallið hjá fyrirtækjum í Finnlandi, sem var í efsta sæti þegar kom að vitundaraukningu um að koma í veg fyrir fíkn (59% fyrirtækja) auk þess sem landið var í öðru sæti þegar kom að þremur öðrum ráðstöfunum, en sérstaklega hátt hlutfall fyrirtækja (78%) skýrði frá eflingu á íþróttastarfi utan vinnutíma (80% í Svíþjóð).
- Bent var á hér að ofan að jöfn dreifing hafi verið á svörum varðandi áhættuþætti sem leiða til stoðkerfisvandamála meðal fyrirtækja í öllum atvinnugreinum. Þegar kom að forvörnum leiddi ESENER-2 í ljós að 85% fyrirtækja, sem skýrðu frá því að áhættur væru til staðar við lyftu eða tilfærslu á fólki eða þungum byrðum, byggju yfir búnaði til þess að aðstoða við slíkt eða aðra líkamlega erfiðisvinnu. Hlutfallið eykst eftir stærð fyrirtækja og var jákvæð svörun mest, eins og við mátti búast, í atvinnugreinum sem einkennast af líkamlegri erfiðisvinnu eins og framleiðslu (96%), landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu (93%), og byggingarvinnu, úrgangsstjórnun, vatns- og rafveitu (92%). Eftir löndum eru tölurnar hæstar

Mynd 3. Ástæður fyrir því að áhættumat er ekki framkvæmt reglulega, eftir stærð fyrirtækja (% fyrirtækja í ESB-28).



Grunnur: fyrirtæki í ESB-28 sem framkvæma ekki áhættumat með reglulegum hætti.

Mynd 4. Notkun sálfræðings, innanhúss eða í verktöku, eftir löndum (% fyrirtækja).

Grunnur: öll fyrirtæki, öll 36 löndin.

í Finnlandi (94%), Svartfjallalandi (93%) og á Íslandi (90%), öfugt við Slóvakíu (71%), Króatíu (72%) og Grikkland (73%).

- Önnur algengasta ráðstöfunin sem skýrt var frá til að koma í veg fyrir stoðkerfisvandamál, er að bjóða upp

á vinnuvistfræðilegan búnað (73%), en það jókst einnig eftir stærð fyrirtækja og er algengast hjá fyrirtækjum á sviði upplýsingatækni, fjármála, fasteignaviðskipta og annarra tæknilegra, vísinda-, eða persónulegrar þjónustustarfsemi (82%) og í opinberri stjórnsýslu (82%). Slíkt er algengast meðal

fyrirtækja í Svíþjóð (84%) og Danmerkur (83%) öfugt við Slóvakíu, Litháen og Búlgaríu (51% í öllum löndunum þremur).

Sálfélagslegar áhættur og stjórnun þeirra

Þær miklu breytingar sem eiga sér stað á vinnustöðum hafa leitt til þess að sálfélagslegar áhættur hafa sprottið upp. Slíkar hættur tengjast því hvernig vinna er uppsett, skipulögð og stjórnað ásamt hagrænu og félagslegu samhengi hennar en þær valda aukinni streitu og geta leitt til alvarlegrar hnignunar geðheilsu og líkamlegrar heilsu.

- Eins og bent var á að ofan eru tvær algengustu sálfélagslegu áhættur sem fyrirtæki í ESB-28 skýrðu frá að eiga við erfiða viðskiptavinum, sjúklinga, nemendur, o.s.frv. (58%) og tímaálag (43%). Báðir áhættuþættirnir birtast með svipuðum hætti þegar kemur að atvinnugreinum, en þeir eru algengastir meðal fyrirtækja á sviði menntunar, heilbrigði manna og félagsmála svo og í opinberri stjórnsýslu, en sjaldnast er þá að finna í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu og framleiðslu. Báðir áhættuþættirnir aukast með stærð fyrirtækja en tímaálag sérstaklega.
- Oftast sögðu fyrirtæki í Svartfjallalandi (78%), Frakklandi og Eistlandi (70%) frá því að samskipti við erfiða viðskiptavinum, sjúklinga, námsmenn, o.s.frv. væri áhættuþáttur öfugt við Tyrkland (28%), Ítalíu (37%) og Litháen (39%).
- Tímaálagi er hægt að tengja við ákveðinn hóp landa en fyrirtæki á Norðurlöndunum greindu helst frá henni og það með töluverðum mun í samanburði við önnur lönd: Svíþjóð og Finnland (74%) fylgja þétt í kjölfar Danmerkur (73%), Noregs og Íslands (71%). Næsta landið á listanum er Holland (62%). Lægsta hlutfallið er aftur í Tyrklandi (15%), Litháen (16%) og Ítalíu (21%).


Stjórnun sálfélagslegrar áhættu

- Erfiðara er talið að hafa stjórn á sálfélagslegum áhættuþáttum en öðrum. Næstum því eitt af hverjum fimm þeirra fyrirtækja sem skýra frá því að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavinum eða upplifa tímaálag, segja að þau skorti upplýsingar

eða fullnægjandi tæki til þess að taka á áhættunum með skilvirkum hætti.


- Eftir atvinnugreinum sýnir ESENER-2 að hæst hlutfall fyrirtækja sem skýrir frá skorti á upplýsingum eða tækjum til þess að taka með skilvirkum hætti á áhættunum séu að finna í opinberri stjórnsýslu og þar á eftir fjármálum, fasteignasölu og annarri tæknilega vísindalegri eða persónulegri þjónustu annars vegar og hins vegar í menntastarfsemi, heilbrigði manna og félagsþjónustu.
- Á grundvelli þessa skoðar ESENER-2 hvernig fyrirtæki stjórna sálfélagslegum áhættum með því að spyrja um (a) aðgerðaráætlanir og verkferla til þess að taka á streitu, einelti eða áreitni og tilvikum ógnana, misnotkunar eða árása og (b) sérstakar ráðstafanir sem gripið hefur verið til á síðastliðnum þremur árum.
- Um 33% fyrirtækja með yfir 20 starfsmenn í ESB-28 skýra frá því að þau séu með aðgerðaráætlun til staðar til þess að koma í veg fyrir vinnutengda streitu (mynd 5) og eykst talan eftir stærð fyrirtækja og er sýnilega algengari meðal fyrirtækja á sviði menntunar, heilbrigði manna og félagsþjónustu. Um mikilvægan mun er um að ræða á milli landa. Hæsta hlutfallið kom í ljós í Bretlandi (57%), Rúmeníu (52%), Svíþjóð og Danmörku (51%) öfugt við Tékkland (8%), Króatíu og Eistland (9%).
- Einkum á meðal fyrirtækja sem skýrðu frá því að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavinum, sjúklinga eða nemendur og skýrðu 55% þeirra sem hafa yfir 20 starfsmenn eða fleiri, að þau væru með verkferla til staðar í því skyni að taka á slíkum áhættum (meðaltal ESB 28). Hlutfallið eykst í 72% meðal fyrirtækja á sviði menntunar, heilbrigði manna og félagsþjónustu. Eftir löndum var hæsta hlutfallið í Bretlandi (91%), Svíþjóð og Írlandi (80%) en það lægsta var að finna í Ungverjalandi (21%) og Búlgaríu (29%).
- Hvað ráðstafanirnar varðar voru þær tvær sem oftast var skýrt frá, endurskipulagning á vinnu til þess að draga úr starfskröfum og vinnuálagi (38%) og ráðgjöf í trúnaði fyrir starfsmenn (36%) í ESB-28. Eins og Mynd 6 sýnir er hlutfallið hærra eftir því sem fyrirtæki eru stærri. Samkvæmt löndum virðist oftast skýrt frá ráðstöfunum á Norðurlöndunum en ekki er um skýrt mynstur að ræða, en eftir atvinnugreinum

Mynd 5. Aðgerðaráætlun til þess að koma í veg fyrir vinnutengda streitu og verkferlar til að taka á einelti, áreitni og mál sem varða ógnanir, misnotkun eða árásir (% fyrirtækja).



Grunnur: fyrirtæki með yfir 19 starfsmenn í öllum 36 löndunum.

Spurningin um verkferla til að taka á ógnanum, misnotkun eða árásum frá viðskiptavinum, sjúklingum, nemendum eða öðrum utanaðkomandi einstaklingum var einungis lögð fyrir þá sem skýrðu frá því að áhættupátturinn „Að þurfa að eiga við erfiða viðskiptavini, sjúklinga, nemendur, o.s.frv.“ væri til staðar.

Mynd 6. Ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir sálfélagslegar áhættur á síðastliðnum þremur árum (%fyrirtækja, ESB-28).

Grunnur: öll fyrirtæki í ESB-28.

er ljóst að fyrirtæki á sviði menntunar, heilbrigði manna og félagsþjónustu skýra frá hæsta hlutfallinu.

- Rétt yfir helmingur allra fyrirtækja í könnuninni í ESB-28 (53%) skýrðu frá því að þau búa yfir fullnægjandi upplýsingum um hvernig eigi að hafa sálfélagslegar áhættur með í áhættumati. Eins og gera má ráð fyrir er meiri munur á hlutfallinu eftir stærð fyrirtækja en eftir atvinnugreinum, en hvað lönd varðar sérstaklega, þá koma hæstu tölurnar frá Slóveníu (75%) og Ítalíu (74%) öfugt við Möltu (35%) og Slóvakíu (40%).

Hvatar og hindranir

Þættirnir, sem hvetja fyrirtæki til þess að taka á vinnuverndarmálum og stjórnun sálfélagslegrar áhættu eða þá hvers vegna þeim tekst ekki að gera það, eru breytilegir, eins og fylgni við lög og reglur, dómgreind, skilningur á rekstrarlegum ávinningi eða kostnaði, afstaða til gilda og staðla, o.s.frv. En hins vegar er fjöldi þátta sem eru þyngri á metunum eins og vitundarstig og forgangsroðun, skuldbinding yfirstjórnenda og þátttaka starfsmanna, en það eru mikilvægir hvatar fyrir vinnuverndarstjórnun og sálfélagslega áhættustjórnun.

Hvatar

- Hvað varðar ástæður sem hvetja fyrirtæki til þess að stjórna vinnuverndarmálum, skýrðu 85% fyrirtækja í ESB-28 frá því að lagaskyldur væri helsta ástæðan. Það er örlítið jákvætt samband á milli stærðar fyrirtækja en aftur á móti eftir atvinnugreinum var enginn markverður munur. Eftir löndum er hlutfallið allt frá 68% fyrirtækja í Danmörku (utan ESB-28 skýrðu Svartfjallaland frá lágsta hlutfallinu: 57%) til 94% í Portúgal -Tafla 3.

- Annar mikilvægasti hvatininn fyrir aðgerðum á sviði vinnuverndarmála er að standa undir væntingum starfsmanna eða fulltrúa þeirra (79%) en mest bar á honum meðal fyrirtækja á sviði menntunar, heilbrigði manna og félagsþjónustu. Enginn markverður munur er eftir stærð.
- Í nokkrum löndum, einkum þeim sem gengu í Evrópusambandið árið 2004 og nokkrum umsóknarríkjum var helsti hvatininn fyrir því að taka á heilbrigðis- og öryggismálum, að viðhalda orðspori fyrirtækisins.

Hindranir


- Niðurstöður um helstu erfiðleikana við að taka á heilbrigðis- og öryggismálum sýna að algengustu hindranirnar sem skýrt er frá sem „stórar hindranir“, er flækjustig lagaskyldna (40% fyrirtækja í ESB-28) og í kjölfarið kemur pappírsvinna (29%). Almennt er oftast skýrt frá báðum hindrununum af fyrirtækjum á sviði framleiðslu, opinberrar stjórnarsýslu og byggingarframkvæmda, úrgangsförgunar og vatns- og rafveitu en þegar kemur að stærð virðast smæstu fyrirtækin skýra frá þeim oftast en þau sem stærri eru.
- Eftir löndum er lágsta hlutfallið að finna í Serbíu (9%), Svartfjallalandi (11%), Slóveníu (14%) og Litháen (14%) á meðan það hæsta er að finna á Ítalíu (67%), í Tyrklandi (60%) og Grikklandi (54%). Það er áhugavert að svo virðist sem að á Norðurlöndunum (Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð) sé skortur á tíma eða starfsfólki sem séu helstu erfiðleikarnir við að taka á heilbrigðis- og öryggismálum. Fjárskortur er hins vegar algengasta svarið við miklum erfiðleikum fyrirtækja í Litháen, Lettlandi, Svartfjallalandi, á Möltu, í Rúmeníu, Serbíu, Slóveníu, Slóvakíu, Búlgaríu og Kýpur.

Tafla 3. Ástæður fyrir því að taka á heilbrigðis- og öryggismálum í fyrirtækjum (% fyrirtækja sem skýrðu frá „stórrí ástæðu“ ESB-28).

Ástæður (% meðaltal ESB-28)	Land	
	Hátt	Lágt
Uppfylla lagaskyldur (85%)	Portúgal (94%) Eistland (92%) Noregur (92%)	Svartfjallaland (57%) Ísland (65%) Danmörk (68%)
Uppfylla væntingar starfsmanna eða fulltrúa þeirra (79%)	Ítalía (93%) Eistland (91%) Noregur (90%)	Pólland (48%) Slóvakía (53%) Tékkland (53%)
Forðast sektir frá Vinnueftirlitinu (78%)	Ítalía (96%) Portúgal (93%) Búlgaría (91%)	Sviss (57%) Ísland (57%) Svartfjallaland (60%)
Viðhalda orðspori fyrirtækisins (77%)	Eistland (93%) Kýpur (92%) Ítalía (92%)	Pólland (39%) Frakkland (61%) Danmörk (68%)
Viðhalda eða auka framleiðni (64%)	Portúgal (88%) Tyrkland (86%) Kýpur (86%)	Pólland (30%) Frakkland (41%) Ungverjaland (51%)

Grunnur: öll fyrirtæki í ESB-28.

- Eins og áður hefur verið sýnt eru nokkrir sálfélagslegir áhættuþættir til staðar í stórum hluta fyrirtækja í ESB-28, þ.e. samskipti við erfiða sjúklinga, viðskiptavini og nemendur og tímaálag. Einnig var bent á að erfiðara virðist vera að eiga við sálfélagslega áhættuþætti, eins og sjá má af skorti á upplýsingum eða fullnægjandi forvarnartækjum til þess að taka á þeim með skilvirkum hætti.
- Á bak við þessar niðurstöður bendir ESENER-2 á að tregðan við að tala opinskátt um þessi málefni sé helsta vandamálið fyrir því að taka á sálfélagslegum áhættum (30% fyrirtækja í ESB-28) og skýrt sé tíðar frá því, eins og öllum öðrum vandamálum, eftir því sem stærð fyrirtækja vex (mynd 7).
- Niðurstöðurnar eftir atvinnugreinum leiða í ljós að fyrirtæki í opinberri stjórnsýslu skýra oftast frá þessu vandamáli (38%) en eftir löndum er hæsta hlutfallið að finna í Finnlandi (44%), á Írlandi (40%) og í Frakklandi (36%) öfugt við fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedóníu, Slóveníu (15%) og Ungverjaland (17%). Er sú sálfélagslega áhætta sem oftast er skýrt frá í 20 löndum.
- Önnur algengasta hindrunin er skortur á skilningi meðal starfsfólks (26%), en það er reyndar það vandamál sem fyrirtæki skýra oftast frá í Eistlandi, á Spáni, í Króatíu, Ungverjalandi, á Möltu, í Hollandi, Portúgal, Rúmeníu, Serbíu, Svíþjóð og Tyrklandi. Oftar er skýrt frá skorti á skilningi meðal starfsfólks

Mynd 7. Erfiðleikar við að taka á sálfélagslegum áhættum eftir stærð fyrirtækja (% fyrirtækja, ESB-28).

Grunnur: fyrirtæki í ESB-28 sem skýrðu frá að minnsta kosti einum sálfélagslegum áhættuþætti í fyrirtækinu.

eftir því sem stærð fyrirtækja vex og eftir atvinnugreinum er hæsta hlutfallið að finna í framleiðslu (32%).

Þátttaka starfsmanna

ESENER gerir greinarmun á óformlegri þátttöku (bein þátttaka starfsmanna) og formlegri þátttöku starfsmanna í gegnum starfsráð og fulltrúa stéttarfélagi í vinnusal. Þessi greinarmunur er mikilvægur vegna þess að munur er á þessum tveimur gerðum þegar kemur að umfangi þátttökunnar og að hvaða marki kveðið er á um hana í lögum. Óformleg eða *bein* þátttaka getur átt sér stað í öllum gerðum fyrirtækja án tillits til stærðar eða atvinnugreinar. Hins vegar krefst formleg eða stofnanavædd þátttaka þess að komið sé á fót formlegum nefndum í samræmi við innlendan lagaramma og samfélagslegar venjur; eðlilega tengist slíkt stærð fyrirtækja með nánnum hætti.


Sambland af mikilli formlegri og óformlegri þátttöku (í skilningi samtals aðila á vinnumarkaði) gefur vísbendingu um góð vinnugæði, þar á meðal gæði vinnuverndarstjórnunar almennt og sér í lagi sálfélagslegrar áhættustjórnunar.

Samráð

- Ef sjónum er beint að þeim fyrirtækjum sem skýra frá því að þau hafi beitt ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir sálfélagslegar áhættur árin þrjú fyrir könnunina, skýrðu 63% þeirra í ESB-28 frá því að starfsmenn hefðu hlutverki að gegna við hönnun og framkvæmd ráðstafanna. Munur er á niðurstöðunum eftir löndum, allt frá 77% fyrirtækja í Danmörku og Austurríki og niður í 43% í Slóvakíu.

- Vegna eðli sálfélagslegrar áhættu má gera ráð fyrir því að ráðstafanir á sviðinu felist í beinni þátttöku starfsmanna og sér í lagi mikils samstarfs allra gerenda á vinnustaðnum.
- Á grundvelli þessa sýnir ESENER-2 að 81% fyrirtækja í ESB-28 skýrðu frá því að starfsmenn hefðu tekið þátt í hönnun á ráðstöfunum eftir áhættumat og var enginn markverður munur á milli atvinnugreina. Það vakti áhuga að niðurstöður eftir stærð leiddu í ljós hægminkandi hlutfall fyrirtækja, þar sem starfsmenn taka þátt í hönnun á ráðstöfunum eftir áhættumat, allt frá 84% meðal þeirra með 5 til 9 manns í vinnu niður í 77% meðal þeirra sem eru með yfir 250 starfsmenn.
- ESENER-2 leiðir í ljós að fulltrúar starfsmanna og yfirstjórnendur ræða heilbrigðis- og öryggismál *reglulega* í 56% fyrirtækja í ESB-28 sem búa við einhvers konar fyrirsvar starfsmanna. Hlutfallið eykst með markverðum hætti eftir stærð. Til samanburðar er algengara að skýrt sé frá sérstökum viðbrögðum meðal smæstu fyrirtækjanna en 41% þeirra skýra frá því að slíkar umræður eigi sér *aðeins stað þegar ákveðin mál koma upp*, en hlutfallið minnkar eftir stærð fyrirtækja – sjá Mynd 8.
- Þegar slíkir fundir eiga sér stað, skýrðu 70% fyrirtækja í ESB-28 frá því að ágreiningur í tengslum við vinnuverndarmál komi *nánast aldrei* upp. Það er skýrt mynstur niður á við eftir því sem stærð fyrirtækja vex en það þýðir að því stærri sem þau eru, því líklegri eru þau til þess að skýra frá því að ágreiningur hafi komið upp.

Mynd 8. Hversu oft eru heilbrigðis- og öryggismál rædd á milli fulltrúa starfsmanna og stjórnenda (% fyrirtækja, ESB-28)



Grunnur: fyrirtæki í ESB-28 sem skýra frá einhvers konar fyrirsvari starfsmanna.

- Helstu ágreiningssviðin tengjast ráðstöfunum sem grípa þarf til (56%) og fjárfestingum í búnaði (45%). Þessar niðurstöður eru að mestu þær sömu eftir atvinnugreinum og stærð fyrirtækja.

Formlegir trúnaðarmenn starfsmanna

Hvað varðar formlega trúnaðarmenn starfsmanna eru starfsráð til staðar í 25% fyrirtækja í ESB-28 en aðeins 15% fyrirtækja skýrðu frá fulltrúa stéttarfélags. Mynd 9 sýnir að fjöldi trúnaðarmanna starfsmanna eykst greinilega með stærð fyrirtækja.

- Eftir atvinnugreinum skýrðu fyrirtæki í opinberri stjórnsýslu og menntun, heilbrigðis- og félagsþjónustu frá hæsta hlutfalli bæði starfsráða og fulltrúa stéttarfélaga.
- Norðurlöndin skýrðu frá hæstu hlutfalli fulltrúa stéttarfélaga: Noregur (71%), Ísland (55%) og Svíþjóð (54%) á móti Albaníu (6%) og Eistlandi (7%). Þegar kemur að starfsráðum eiga hæstu tölurnar við Lúxemborg (41%), Frakkland (39%) og Slóvakíu en lægsta hlutfallið er að finna á Íslandi (4%), í Tékklandi, Serbíu og Portúgal (5%).

Formlegir öryggistrúnaðarmenn í vinnuverndarmálum

- Varðandi formlegt starf í vinnuverndarmálum (mynd 10), spurði ESENER-2 um tilvist öryggistrúnaðarmanna og öryggisnefnda. Algengast var að skýrt var frá öryggistrúnaðarmönnum: 58% fyrirtækja í ESB-28. Hlutfallið var hæst meðal fyrirtækja á sviði menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu (67%), framleiðslu (64%) og opinberri stjórnsýslu (59%).
- 21% fyrirtækja sögðu frá öryggisnefndum í ESB-28 eftir atvinnugreinum en þær var oftast að finna í fyrirtækjum


á sviði opinberrar stjórnsýslu (36%) en einnig í menntunar, heilbrigðis og félagsþjónustu (30%).

- Eins og gera mátti ráð fyrir fara niðurstöðurnar að stórum hluta eftir stærð fyrirtækja, einkum hvað varðar öryggis- og heilbrigðisnefndir, en þær vaxa með merkjanlegum mun eftir stærð fyrirtækja.
- Eftir löndum eru trúnaðarmenn algengastir á Ítalíu (87%), í Rúmeníu og Litháen (78%) á meðan lægsta hlutfallið er að finna í Svartfjallalandi 17%, á Grikklandi 17% og í Albaníu 20%. Hvað heilbrigðis- og öryggisnefndirnar varðar, er hæsta hlutfallið að finna í Danmörku 50%, Búlgaríu 44% og á Tyrklandi 40% öfugt við Lettland (2%), fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedónía (3%) og Ungverjaland (3%).
- Að lokum skýrðu 80% fyrirtækja í ESB-28, sem voru með öryggistrúnaðarmenn, frá því að þau sæju þeim fyrir þjálfun á vinnutíma til þess að hjálpa þeim við að sinna skyldum sínum. Þó að niðurstöður eftir atvinnugreinum sýni ekki óhóflegan mun, er frekar um að ræða stærðarmynstur þar sem hlutfallið vex eftir stærð fyrirtækja. Einnig er nokkur munur eftir löndum. Skýrt var frá hæsta hlutfallinu í Slóvakíu (94%), Eistlandi (92%) og Tékklandi (89%) öfugt við Albaníu (43%), Svartfjallaland (53%) og Ungverjaland (64%).

Aðferðarfræði könnunarinnar


- Viðtöl voru tekin sumarið og fyrri hluta haustsins árið 2014 í fyrirtækjum með fimm eða fleiri starfsmenn, bæði í opinbera og einkageiranum og í öllum atvinnugreinum nema á einkaheimilum (NACET) og hjá stofnunum sem falla undir úrlendisrétt (NACE U).

Mynd 9. Formlegir trúnaðarmenn starfsmanna í fyrirtækjum: starfsráð og fulltrúar stéttarfélaga, eftir stærð fyrirtækja (% fyrirtækja, ESB-28).



Grunnur: Öll fyrirtæki í ESB-28 – spurt í þeim löndum þar sem eitthvað form af fyrirsvari á við.

Mynd 10. Formlegt starf í vinnuverndarmálum í fyrirtækjum eftir atvinnugreinum: heilbrigðis- og öryggisfulltrúi, og heilbrigðis- og öryggisnefndir (% fyrirtækja, ESB-28).



Grunnur: öll fyrirtæki í ESB-28 – stærð fer eftir innlendum mörkum fyrir slíkar tegundir fyrirsvars.

Kaflar NACE 2. útg.: **A:** Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar. **B, D, E, F:** Byggingariðnaður, úrgangsstjórnun, vatns- og rafveita. **C:** Framleiðsla. **G, H, I, R:** Viðskipti, flutningar, matvæli/gisting og tómstundir. **J, K, L, M, N, S:** Upplýsingatækni, fjármál, fasteignaþjónusta og önnur vísindateknileg þjónusta eða persónuleg þjónusta. **O:** Opinber stjórnsýsla. **P, Q:** Menntun, heilbrigði manna og félagsþjónusta.

- Viðtöl voru tekin í 36 löndum: öllum 28 aðildarríkjum Evrópusambandsins, sex umsóknarríkjum (Albaníu, Íslandi, Svartfjallalandi, Fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedónía, Serbíu og Tyrklandi) og tveimur EFTA löndum (Noregi og Sviss).
- Í heildina var könnunin framkvæmd hjá 49.320 fyrirtækjum og var viðmælandinn sá einstaklingur sem mest vissi um heilbrigðis- og öryggismál í fyrirtækinu. Eftir löndum var úrtakið allt frá um 450 á Möltu yfir í 4.250 í Bretlandi (sjá úrtaksstærð eftir löndum á <http://www.esener.eu>).
- Aukið var við innlendu viðmiðin og greiddu viðkomandi innlend yfirvöld fyrir það í þremur löndum: Slóveníu, Spáni og Bretlandi.
- Gögnum var safnað í gegnum símaviðtöl með aðstoð tölvu (CATI).
- Vettvangsvinna var í höndum TNS Deutschland GmbH og vettvangsmiðstöðvanets þess í hverju landi.
- Úrtak var tekið samkvæmt úrtakshönnun sem ekki byggir á hlutfalli og síðar var það leiðrétt með uppbót.

- Leitast hefur verið við að búa úrtökin þannig út að þau búi yfir nauðsynlegum gæðum og tryggi samanburðarhæfni á milli landa.
- Spurningalistinn var búinn til af hópi sérfræðinga í kannanahönnun og á sviði vinnuverndar (einkum sálfélagslegrar áhættu) ásamt starfsfólki EU-OSHA.
- Frekari upplýsingar um aðferðarfræði ESENER: <http://www.esener.eu>.

Frekari upplýsingar

Skýrsla með „fyrstu niðurstöðum“ var birt í febrúar 2015 og má finna hana á: <https://osha.europa.eu/en/publications/reports/esener-ii-first-findings.pdf/view>. Ítarlegri niðurstöður og greiningar verða í boði á <http://www.esener.eu> og síðar árið 2015 verður gagnamengi ESENER aðgengilegt í gegnum UK Data Archive (UKDA) hjá Háskólanum í Essex á: <http://ukdataservice.ac.uk/about-us.aspx>.

Frekari greiningar verða framkvæmdar á tímabilinu 2015-2016 og verða þær birtar árið 2017.

**Europe Direct er þjónusta sem aðstoðar við að svara
spurningum um Evrópusambandið.**

**Gjaldfrjálst númer (*):
00 800 6 7 8 9 10 11**

(*) Veittar upplýsingar eru gjaldfrjálssar, svo eru flest símtöl (þrátt fyrir að sum símafyrirtæki, símaklefar eða hótél kunni að taka gjald fyrir).

Frekari upplýsingar um Evrópusambandið má finna á Netinu (<http://europa.eu>).

Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2015

ISBN: 978-92-9240-731-5

doi: 10.2802/388634

© Vinnuverndarstofnun Evrópu, 2015

Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA)

leggur sitt af mörkunum við að gera Evrópu að öruggari, heilbrigðari og afkastameiri stað til að vinna á. Stofnunin rannsakar, þróar og dreifir áreiðanlegum, réttum og óhlutdrægum upplýsingum um öryggis- og heilbrigðismál og skipuleggur vitundarherferðir um alla Evrópu. Stofnunin, sem var sett á fót af Evrópusambandinu árið 1994 og er með höfuðstöðvar í Bilbaó á Spáni, stuðlar að samvinnu fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fulltrúa frá stjórnsýslustofnunum aðildarríkjanna, frá samtökum atvinnurekenda og launþega ásamt leiðandi sérfræðinga frá hverju og einu aðildarríki ESB og annars staðar frá.

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA).

Forvarnar- og rannsóknardeild
Santiago de Compostela 12, 5. hæð,
48003 Bilbao, Spáni
Sími: (+34) 944 358 400
Tölvupóstfang: information@osha.europa.eu

<http://osha.europa.eu>

